

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2016, 25. maí, var haldinn 99. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 11:05. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Elín Oddný Sigurðardóttir (V), Eva Einarsdóttir (Æ), Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Marta Guðjónsdóttir (D) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Katla Hólm Þórhildardóttir (Þ); Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Birgitta Bára Hassenstein, foreldrar barna í grunnskólum; Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjórar í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjórar í leikskólum og Sveinn Sigurður Kjartansson, foreldrar barna í leikskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Eygló Traustadóttir, Guðlaug Sturlaugsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Valgerður Janusdóttir.

Fundarritari var Guðrún Sigtryggisdóttir.

Þetta gerðist:

1. Umfjöllun um tillögur Reykjavíkurráðs ungmenna.

Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 24. febrúar 2016, um tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um betri kynþroskafræðslu í grunnskólum og að hún verði kennd fyrir en nú er, ásamt því að dömubindi, túrtappar og smokkar verði gerð aðgengilegri fyrir ungmenni. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. maí 2016, varðandi tillöguna. Eyrún Magnúsdóttir, ungmennaráði Laugardals og Háaleitis, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2016040114

Lögð fram svohljóðandi tillaga Karitasar Bjarkadóttur frá ungmennaráði Grafarvogs:

Að skóla- og frístundaráð sjái til þess að innan árs verði kynþroskafræðsla í grunnskólum betri og hún kennd fyrir en nú er, ásamt því að dömubindi, túrtappar og smokkar verði aðgengilegri fyrir ungmenni.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt.

Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 24. febrúar 2016, um tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um bætt kynfræðslu (ekki kynhræðslu) frá 6. bekk og til loka grunnskólans. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. maí 2016, varðandi tillöguna. Enn fremur lagðar fram niðurstöður spurningakönnunar til skólastjóra um fjölda kennslustunda í kynfræðslu í 6 – 10. bekk og um hverjir hafa umsjón með kynfræðslu í grunnskólum, dags. 1. febrúar 2016. Eyrún Magnúsdóttir, ungmennaráði Laugardals og Háaleitis, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2016040109

Lögð fram svohljóðandi tillaga Eyrúnar Magnúsdóttur frá ungmennaráði Laugardals og Háaleitis:

Skóla- og frístundaráð beiti sér fyrir því að grunnskólar í Reykjavík bæti kynfræðslu (ekki kynhræðslu) frá því í 6. bekk og til loka grunnskólans og fjölgi kynfræðslutímum.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela sviðsstjóra að skipa starfshóp sem hefur það hlutverk að leggja fram heildstæða stefnumótun um kynfræðslu fyrir börn og ungmenni í skóla- og frístundastarfi. Starfshópurinn vinni með tillögur fulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna um bætta kynfræðslu frá 6. bekk til loka grunnskólans og fjölgun kynfræðslutíma annars vegar og tillögu um að kynþroskafræðsla í grunnskólum verði bætt og kennd fyrr á skólagöngunni en nú er, ásamt því að dömubindi, túrtappar og smokkar verði aðgengilegri fyrir ungmenni hins vegar. Í starfshópnum eigi sæti fulltrúar frá fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, fulltrúar frá Reykjavíkurráði ungmenna, skólahjúkrunarfræðingur, grunnskólakennari og fulltrúi félagsmiðstöðva. Niðurstöður liggi fyrir eigi síðar en 1. október 2016.

Samþykkt með fimm atkvæðum Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknar og flugvallarvina. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðsluna.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar í Reykjavíkurráði ungmenna eiga miklar þakkir skildar fyrir frumkvæði sitt og elju við að vekja athygli á mikilvægi þess að bæta kynfræðslu í skólum og auka aðgengi að nauðsynlegum vörum eins og dömubindum, túrtöppum og smokkum. Full samstaða er um það í skóla- og frístundaráði að auka áherslu á kynfræðslu í skólasamfélaginu og verður framkvæmdin nú undirbúin vandlega í starfshópi á vegum sviðsstjóra.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina samþykkir málsmeðferðartillögu skóla- og frístundaráðs um stofnun starfshóps um breytta og aukna kynfræðslu í grunnskólum og vill leggja áherslu á að skólastjóri Jafnréttiisskólans, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, eigi þar sæti því hún hefur leitt kynfræðslu í grunnskólum að undanförnu. Jafnframt þarf að auka samtal skólans við foreldra varðandi skyldur þeirra og samstarf í tengslum við málið. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina fagnar því að samþykkt var ósk fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina að setja tímamörk á skil starfshópsins á 1. október þar sem brýnt er að þessi mál fái aukna áherslu strax á næsta skólaári.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Full ástæða er til að þakka Eyrúnu Magnúsdóttur, fulltrúa í ungmennaráði Laugardals og Háaleitis og Karitas Bjarkadóttur, fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs, fyrir góðar og skýrar tillögur um bætta kynfræðslu (ekki kynhræðslu) í grunnskólum ásamt því að dömubindi, túrtappar og verjur verði gerðar aðgengilegri fyrir ungmenni en nú er. Ánægjulegt er að orðið var við ósk fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að bera umræddar tillögur upp til samþykktar hér á fundinum í stað þess að vísa þeim ósamþykktum til meðferðar óstofnaðs starfshóps í borgarkerfinu. Nú hafa tillögurnar verið samþykktar og ekki eftir neinu að bíða að koma þeim til framkvæmdar. Að mati fulltrúa Sjálfstæðisflokksins er því ekki þörf á að skipa enn einn starfshópin til að fjalla um umræddar tillögur og skrifa enn eitt stefnumótunarplaggið heldur er tími til kominn að láta verkin tala.

Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Snorri Freyr Vignisson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 24. febrúar 2016, um tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um stuðningsnet jafnaldra fyrir börn og unglinga af erlendum uppruna í

grunnskólum. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. maí 2016, um tillöguna.

Lögð fram svohljóðandi tillaga Snorra Freys Vignissonar frá ungmennaráði Breiðholts:

Skóla- og frístundasvið tryggi að í grunnskólum Reykjavíkur verði stuðningsnet jafnaldra, fyrir börn og unglinga af erlendum uppruna, hluti af móttökuteymi skólanna.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð vísar tillögu ungmennaráðs Breiðholts um að stuðningsnet jafnaldra, fyrir börn og unglinga af erlendum uppruna, verði hluti af móttökuteymi skólanna til umsagnar velferðarráðs og mannréttindaráðs.

Samþykkt.

Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Eyrún Magnúsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 24. febrúar 2016, um tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um afþreyingarmiðstöð við Rauðavatn. Jafnframt lögð fram afgreiðsla íþrótt- og tómstundaráðs á tillögu Sindra Smárasonar frá ungmennaráði Árbæjar og Holta um afþreyingarmiðstöð við Rauðavatn, frá fundi 13. maí 2016. SFS2016040113

Lögð fram svohljóðandi tillaga Sindra Smárasonar frá ungmennaráði Árbæjar og Holta:

Reykjavíkurborg myndi starfshóp til að skoða möguleika á afþreyingarmiðstöð við Rauðavatn fyrir íbúa í aðliggjandi hverfum. Starfshópurinn skili niðurstöðum til skóla- og frístundaráðs og Reykjavíkurráðs ungmenna fyrir árslok 2016.

Greinargerð fylgir.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu Sindra Smárasonar, fulltrúa í Ungmennaráði Árbæjar og Holta, um að skipaður verði starfshópur til að skoða möguleika á afþreyingarmiðstöð við Rauðavatn fyrir íbúa í aðliggjandi hverfum. Starfshópurinn skili niðurstöðum til skóla- og frístundaráðs, íþrótt- og tómstundaráðs og Reykjavíkurráðs ungmenna fyrir árslok 2016. Við skipan fulltrúa í hópinn skal tekið mið af hugmyndum tillöguflutjanda þar að lútandi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögunni til umfjöllunar í starfshópi sem fjallar um stefnumótun Gufunesbæjar sem miðstöð útivistar og útínáms.

Samþykkt skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð samþykkir fyrir sitt leyti tillögu Sindra Smárasonar, fulltrúa í Ungmennaráði Árbæjar og Holta, um að skipaður verði starfshópur til að skoða möguleika á afþreyingarmiðstöð við Rauðavatn fyrir íbúa í aðliggjandi hverfum. Starfshópurinn skili niðurstöðum til skóla- og frístundaráðs, íþrótt- og tómstundaráðs og

Reykjavíkurráðs ungmenna fyrir árslok 2016. Við skipan fulltrúa í hópinn skal tekið mið af hugmyndum tillöguflutjanda þar að lútandi.

- Kl. 12:40 tekur Guðmundur G. Guðbjörnsson sæti á fundinum.
- 4. Lögð fram drög að endurskoðuðum hagræðingartillögum skóla- og frístundasviðs, dags. 1. maí 2016, trúnaðarmál. Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2015060210
- Kl 13:00 víkur Valgerður Janusdóttir af fundinum.

Drögum að endurskoðuðum hagræðingartillögum vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina í skóla- og frístundaráði þykir það mikið áhyggjuefni að 25. maí 2016 skuli enn ríkja mikil óvissa meðal stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamála í Reykjavík varðandi fjárhagslegt uppgjör 2015 sem og endanlega fjárhagsáætlun 2016. Stjórnendur standa í dag frammi fyrir ákvarðanatökum og erfiðum aðgerðum í afar óljósu umhverfi og þjónustustig gagnvart börnum á leikskóla- og grunnskólaaldri og foreldrum þeirra komið á alvarlegt stig. Slíkt er óásættanlegt með öllu og hvorki faglegt né forsvaranlegt af hálfu meirihlutans að mati fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina.

Áheyrnarfulltrúar foreldra barna í leikskólum og grunnskólum leggja fram svohljóðandi bókun:

Mjög alvarleg staða er uppi bæði í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar. Eftir margra ára niðurskurð í kjölfar efnahagshruns standa stjórnendur skólanna frammi fyrir enn frekari niðurskurði, sparnaðarkrafan nú er um 700 milljónir á skóla- og frístundasvið. Vegna slæmrar stöðu borgarsjóðs skora áheyrnarfulltrúar foreldra á fulltrúa meirihlutans að endurskoða áætlanir um gjaldfrjálsan leikskóla á kjörtímabilinu, að meirihlutinn taki fremur höndum saman um að standa vörð um gæði þjónustu í þágu barna í borginni, sem hefur átt undir högg að sækja. Má nefna í þessu samhengi að viðhorfsskannanir meðal foreldra leikskólabarna í Reykjavík hafa sýnt að hefðu þeir val, vildu þeir fremur standa vörð um gæði þjónustunnar umfram það að leggja áherslu á að lækka gjöld. Áheyrnarfulltrúar skora jafnframt á ráðamenn að styðja sérstaklega við þau börn og fjölskyldur sem standa höllum fæti og þurfa á stuðningi að halda, fremur en að lækka kostnaðarþátttöku allra foreldra.

- Kl. 14:05 tekur Valgerður Janusdóttir sæti á fundinum.
- 5. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs með þeirri breytingu að sameining komi til framkvæmda þann 1. september 2016 í stað 1. ágúst 2016:

Lagt er til að leikskólarnir Hagaborg og Mýri verði sameinaðir undir eina stjórn. Sameiningin komi til framkvæmda þann 1. september 2016 og gildi til 1. júlí 2017. Sviðsstjóra er falið að undirbúa breytinguna í nánú samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Greinargerð fylgir.

Jafnframt lagt fram bréf vinnuhóps foreldra barna á leikskólanum Mýri, dags. 13. maí 2016, um réttarvernd barna. SFS2016050047

Lögð fram svohljóðandi málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögu sviðsstjóra varðandi Hagaborg og Mýri til umsagnar foreldraráða og foreldrafélaga leikskólanna Hagaborgar og Mýrar.

Lögð fram svohljóðandi málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögu sviðsstjóra varðandi Hagaborg og Mýri til umsagnar foreldraráða og foreldrafélaga leikskólanna Hagaborgar og Mýrar. Tillagan verði jafnframt kynnt fyrir starfsmönnum beggja leikskóla og þeim gefinn kostur á að leggja fram umsagnir um hana. Jafnframt verði farið yfir faglegar forsendur beggja leikskóla vegna fyrirhugaðrar sameiningar.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi bókun:

Í framlögðu bréfi frá vinnuhópi foreldra á Mýri kemur fram mjög hörð gagnrýni á vinnubrögð Reykjavíkurborgar vegna breytinga á rekstri leikskólans. Foreldrarnir telja að afar illa hafi verið staðið að málum af hálfu borgarinnar og gera alvarlega athugasemd við samráðsleysi, skort á upplýsingum og málsmeðferð innan borgarkerfisins. Vekja foreldrarnir sérstaka athygli á að upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu hafi ekki verið fylgt og lýsa yfir gríðarlegri óánægju með samráðsleysi, skort á fagmennsku og óvandaða stjórnsýsluhætti, sem þeir telja að einkennt hafi meðferð Reykjavíkurborgar í þessu viðkvæma máli. Ljóst er að meirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna ber höfuðábyrgð á þessum óviðunandi vinnubrögðum. Harkaleg gagnrýni foreldranna kemur til viðbótar gagnrýni fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar- og flugvallarvina á meðferð málsins, sem fólst m.a. í því að látið var hjá líða að upplýsa á fundi ráðsins 27. apríl sl. að óvissa ríkti um framtíð Mýrar og að viðræður væru hafnar um einkavæðingu starfseminnar. Fulltrúar minnihlutans í skóla- og frístundaráði fréttu fyrst af málinu í fjölmiðlum þar sem ráðið var ekki formlega upplýst um það fyrr en 11. maí. Enn ein kúvendingin í málinu kemur síðan með tillögu um sameiningu Hagaborgar og Mýrar, sem lögð er fyrir fund ráðsins í dag. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina óska eftir því að þær athugasemdir, sem fram koma í skjali vinnuhóps foreldra á Mýri, verði hafðar að leiðarljósi í yfirstandandi vinnu um framtíðarskipan leikskólans.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans árétta að mikil áhersla er lögð á samráð við foreldra og starfsfólk á Mýri í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á starfsemi leikskólans. Mikil fækkun er fyrirsjáanleg á fjölda barna á leikskólanum, en áætlanir gera ráð fyrir 25 börnum í haust, eða næstum helmingi færri en verið hefur. Þá eru blikur á lofti varðandi starfsmannamálin sem kallar á aðgerðir. Tillaga um samrekstur Mýrar og Hagaborgar á næsta starfsári byggir á því að koma til móts við meginósk foreldra um aðlögunartíma en jafnframt skjóta styrkari stöðum undir starfsemina á Mýri, á komandi starfsári.

6. Lögð fram drög að þjónustusamningi milli skóla- og frístundasviðs og Myndlistaskólans í Reykjavík. SFS2015030123

Samþykkt.

7. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs þann 6. apríl og 11. maí 2016:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að ganga til viðræðna við Nýja skólakerfið, sem undirbýr stofnun tækniskóla á unglingastigi, um tiltæka kosti í því skyni að skólinn fái aðstöðu til starfsemi sinnar í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar.

Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. maí 2016, varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um húsnæði fyrir Nýja skólakerfið. SFS2016040035

Frávísunartillaga samþykkt með 4 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna gegn 2 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá.

8. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina, sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 11. maí 2016:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að komið verði á fót eineltisráði sem yrði hlutlaus vettvangur sem foreldrar og skólar geta leitað til þegar ekki er unnt að greiða úr málum á vettvangi. Ráðið yrði skipað sérfræðingum og fulltrúum foreldra. Meginhlutverk ráðsins yrði að veita ráðgjöf og leitast við að komast að ásættanlegri niðurstöðu og finna úrlausn í erfiðum málum.

Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. maí 2016, um verkferla vegna eineltismála sem upp koma í grunnskólum í Reykjavík og bréf fagráðs eineltismála í grunnskólum, dags. 17. maí 2016, ásamt verklagsreglum um starfsemi fagráðs eineltismála í grunnskólum. SFS2016050053

Frestað.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina um eineltisráð sem yrði hlutlaus vettvangur sem foreldrar og skólar geta leitað til þegar ekki er unnt að greiða úr málum á vettvangi inn í vinnu óháðs aðila við úttekt á verkferlum starfsstöðva skóla- og frístundasviðs vegna eineltis og samskiptavanda barna.

Frestað.

- Kl. 14:48 vikur Guðlaug Sturlaugsdóttir af fundinum.
9. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 20. apríl 2016, um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina um að efla umhverfisvitund reykvískra ungmenna. Jafnframt lagt minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. maí 2016 um eflingu umhverfisvitundar. SFS2016040139

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina með áorðnum breytingum:

Borgarstjórn beinir því til leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva borgarinnar að auka fræðslu um mikilvægi þess að halda borginni hreinni. Skólastjórar eru hvattir til að virkja nemendur í að sinna hreinsun í kringum skólana og nágrenni þeirra enda hefur slíkt ótvírætt fræðslu- og uppeldisgildi.

Samþykkt.

- Kl. 15:00 vikur Valgerður Janusdóttir af fundinum.

10. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. maí 2016, um rekstrarleyfi Waldorfleikskólans Sólstafa. SFS2015030165
11. Sumarstarf skóla- og frístundasviðs sumarið 2016. Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum.
12. Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 3. maí 2016, ábending til skólanefnda um kostnað vegna námsgagna. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. maí 2016, um kostnað vegna námsgagna. SFS2016050052
13. Lagt fram yfirlit yfir fundi skóla- og frístundaráðs, ágúst til desember 2016. SFS2015110044
14. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. maí 2016, um barnabókaverðlaun Reykjavíkur 2016. SFS2016050045
15. Lögð fram dagskrá Stóra leikskóladagsins sem haldinn verður föstudaginn 27. maí 2016. SFS2016030097
16. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Framsóknar og flugvallarvina og Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Mánudagskvöldið 23. maí sl. var haldinn opinn íbúafundur á Kjalarnesi þar sem kynntar voru tvær tillögur starfshóps á vegum skóla- og frístundaráðs um breytta skipan skóla- og frístundamála á Kjalarnesi. Þarna á fundinum vöknud margar spurningar heimamanna og kom skýrt fram að fundargestum þótti sem of stuttur tími væri gefinn til umsagnar á tillögunum eða til föstudagsins 27. maí. Fulltrúar Framsóknar og flugvallarvina og Sjálfstæðisflokksins í skóla- og frístundaráði leggja til að umsagnarfresturinn verði lengdur til og með 31. maí 2016 en daginn eftir fer fram undirbúningur vegna næsta fundar skóla- og frístundaráðs.

Samþykkt.

SFS2016010132

17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir sundurliðun eftir leikskólum hversu margir leikskólakennarar eru þar að störfum og hversu margar deildir leikskólanna eru án starfandi leikskólakennara.

SFS2016050328

Fundi slitið kl. 16.01

Skúli Helgason

Elín Oddný Sigurðardóttir
Jóna Björg Sætran
Marta Guðjónsdóttir

Eva Einarisdóttir
Kjartan Magnússon
Sabine Leskopf